

ALÞINGI

Alþingi

Erindi nr. P/121891
komudagur 11/4/1990

Reykjavík, 6. apríl 1990

Formenn sjávarútvegsnefnda N.d. og E.d.

Hr. Stefán Guðmundsson

Hr. Jón Sæmundur Sigurjónsson

Með tilvísun til umræðna nú í morgun á fundi sjávarútvegsnefnda Alþingis vill undirritaður vekja athygli á því að enn skortir nauðsynleg gögn svo að unnt sé að taka afstöðu til og afgreiða frá Alþingi frumvarp um fiskveiðistjórnun, sem nefndirnar hafa rætt að undanfögnu.

Hjálagt fylgja minnispointar sem undirritaður hefur tekið saman, þar sem fram koma ábendingar um atriði sem vert er að gefa frekari gaum.

Því fer ég hér með fram á að ráðstafanir verði gerðar nú til þess að afla þessara upplýsinga og leggja fyrir sjávarútvegsnefndir beggja deilda.



Einar K. Guðfinnsson

Hefur fiskveiðistjórnun síðustu ára haft í för með sér hagkvæmari útgerðarhætti?

A) Þróun breytilegs kostnaðar frá árinu 1984:

A 1) Olíunotkun fiskiskipanna, skv. upplýsingum Tæknideildar Fiskifélags Íslands.

A 2) Veiðarfæranotkun - veiðarfæra­kostnaður.

A 3) Viðhald á fiskiskipastólnum.

B) Er það fjármagn sem bundið er í fiskveiðum meira eða minna nú en árið 1984?

Fá þarf mat á því frá Byggðastofnun hvort frumvarpið sé líklegt til þess að " tryggja" byggð í landinu.

- Nú er ljóst að undangengin ár hefur verið fólksflótti af landsbyggðinni. Hvað er það í þessu frumvarpi sem er líklegt til þess að snúa þeirri þróun við að mati Byggðastofnunar?

- Afla þarf gagna frá Færeyingum um framtíðarskipan þeirra á fiskveiðistjórnun.

- Sérstaklega sé hugað að útfærslu þeirra á fiskvinnslukvótum.